



9. fundur stjórnar L.H. haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 28. október 1993.

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirtaldir voru mættir:

Guðmundur Jónsson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Kristmundur Halldórsson, Jón Bergsson, Sigbjörn Björnsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigurgeir Bárðarson, Marteinn Valdimarsson, Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H. og Páll Dagbjartsson skólastjóri í Varmahlíð.

1. Mál.

Formaður L.H. greindir frá undirbúningi Landsþings L.H. sem fram fer 29. og 30. október í Varmahlíð í Skagafirði.

Fjallað var um endanlega dagskrá þingsins og ýmiss framkvæmdaatriði varðandi þinghaldið. M.a. var rætt um fundarritun og tilnefnd nöfn í því sambandi. Ákveðið er að nota tölvu við gerð fundargjörðarinnar.

Framsögumenn dagskrárliðar þingsins "Félagsleg staða hestamanna" verða Kári Arnórsson, Ármann Gunnarsson og Guðmundur Sigurðsson.

2. Mál.

Á fundinn barst tillaga merkt þingskjal nr. 23 frá millipinganefnd L.H. um tölvuvæðingu stórmóta. Þótt tillagan sé heldur síðbúin telur stjórnin sjálfsagt að hún fái eðlilega afgreiðslu á þinginu.

Formaður greindir frá tilboði frá Fet s.f. Bjarna Þór Sigurðssyni, en hann hefur áhuga fyrir að kvikmynda landsmót L.H. á næsta ári. Þessi mál verð skoðuð síðar.

Formaður greindi frá kynningarviðræðum fulltrúa frá L.H. og framkvæmdastjóra bókaforlagsins Skjaldborgar um útgáfumál Hestsins okkar. Einnig var rætt við þá feðga Sigurjón Valdimarsson og Stefán Sturlu Sigurjónsson um sama efni.

Halldór Gunnarsson
Kristmundur Halldórsson
Jón Bergsson
Ágúst Oddsson
Guðbrandur Kjartansson
Páll Dagbjartsson

Sigfús Guðmundsson
Sigurgeir Bárðarson
Sigbjörn Björnsson
Martinn Valdimarsson
Guðmundur Jónsson